

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 8. júlí 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-108/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kröfu sem henni barst frá Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi telur sig ekki eiga, né hafa átt í neinu samningssambandi við gagnaðila, og neitar því að greiða reikning frá gagnaðila í tengslum við pípulagnir. Krefst álitsbeiðandi þess að reikningurinn verði felldur niður.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur um viðskipti sem falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. 48/2003 um neytendakaup er á valdsviði nefndarinnar, þ.e. að nefndin gefur álit sitt á því hvernig hann eigi að leysa. Ágreiningur aðila snýr að reikningi sem gagnaðili sendi álitsbeiðanda vegna vinnu sem gagnaðili vann við fasteign álitsbeiðanda. Óumdeilt er að umrædd vinna hafi farið fram. Álitsbeiðandi telur sig hins vegar ekki vera í samningssambandi við gagnaðila, heldur hafi gagnaðili verið undirverktaki annars aðila, sem álitsbeiðandi gerði samning við um viðgerðir á fasteign sinni. Þessu mótmælir gagnaðili ekki. Ágreiningurinn snýst því fyrst og fremst um það hvort gagnaðili hafi átt að senda reikning sinn til þess aðila sem álitsbeiðandi hafði gert samning við um viðgerðir á fasteign sinni, eða hvort honum hafi verið rétt að senda álitsbeiðanda reikninginn beint.

Viðgerðir á fasteignum falla alla jafna undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Í 1. gr. þeirra laga segir að lögin taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi þegar veitt þjónusta feli m.a. í sér vinnu við fasteignir o.fl. Lögin áskilja þannig að komist hafi á samningur milli aðila svo ágreiningur þeirra geti fallið undir lögin. Í lögnum er hins vegar ekki fjallað um hvernig leyst skuli úr ágreiningi milli aðila sem ekki eiga í samningssambandi, en óumdeilt er að aðilar málsins eiga ekki í samningssambandi.

Samkvæmt þeim lögum, sbr. og 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, er það utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem lýst er í álitsbeiðninni. Af þeim sökum er annað óhjákvæmilegt fyrir kærunefndina en að frávísa álitsbeiðni X, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir